

FÉLAGSDÓMUR

Dómur þriðjudaginn 23. júní 2020.

Mál nr. 6/2020:

Íslenska ríkið

(*Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður*)

gegn

Félagi íslenskra náttúrufræðinga

(*Jón Sigurðsson lögmaður*)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtkið 26. maí síðastliðinn.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Kristín Benediktsdóttir.

Stefnandi er íslenska ríkið, Arnarhvoli í Reykjavík.

Stefndi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Að viðurkennt verði með dómi að samkomulag stefnanda og stefnda, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, sem undirritað var 2. apríl 2020, hafi verið samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem lauk þann 17. apríl sama ár, og teljist því skuldbindandi frá undirritunardegi, 2. apríl 2020.
- 2 Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefndu

- 3 Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda í málinu.
- 4 Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti, eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi.
- 5 Til vara er þess krafist að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Málavextir

- 6 Félag íslenskra náttúrufræðinga og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerðu með sér samkomulag þann 2. apríl 2020 um breytingu og framlengingu á gildandi kjarasamningi milli aðila. Kjarasamningurinn fór síðan í rafræna atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna stefnda í samræmi við ákvæði 14. gr.

laga stefnda og 12. gr. samningsins. Atkvæðagreiðslan stóð yfir dagana 8.-17. apríl síðastliðinn.

- 7 Í málinu liggur frammi sýnishorn (skjáskot) af atkvæðaseðli þeim sem mun hafa verið notaður við ofangreinda atkvæðagreiðslu. Samkvæmt honum var félagsmönnum í stefnda gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til kjarasamningsins með þrennum hætti, það er með því að haka við einn af eftirfarandi möguleikum: já, ég samþykki, eða nei, ég samþykki ekki, eða skila auðu.
- 8 Í tölvuskeyti 17. apríl síðastliðinn kynnti formaður stefnda formanni samninganefndar ríkisins að kjarasamningur frá 2. apríl 2020 hefði verið felldur með 51% atkvæða félagsmanna. Í erindinu kom fram að 265 félagsmenn hefðu sagt já og 278 hefðu sagt nei. Sérstaklega var tekið fram að enginn félagsmaður hefði skilað auðu. Í fréttatilkynningu á heimasíðu Bandalags háskólamanna kemur hins vegar fram að 824 félagsmenn stefnda hefðu verið á kjörskrá og að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hafi verið sú, að af 564 félagsmönnum stefnda, sem hafi greitt atkvæði, hafi 265 félagsmenn samþykkt samninginn, 278 hafi hafnað samningnum og 21 félagsmaður hafi skilað auðu. Formaður stefnda mun síðar hafa leiðrétt upphaflegt erindi sitt í samtali við varaformann samninganefndar stefnanda og upplýst að 21 félagsmaður hefði greitt atkvæði með því að skila auðu.
- 9 Formaður samninganefndar ríkisins ritaði stefnda bréf 24. apríl síðastliðinn og gerði athugasemd við talningu greiddra atkvæða í kosningu um gildi kjarasamningsins og þar með við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Hann benti á að við talningu atkvæða í kosningu um gildi kjarasamnings bæri að telja auð atkvæði þegar heildarfjöldi greiddra atkvæða væri tilgreindur. Væri sú framkvæmd í samræmi við niðurstöður Félagsdóms þar sem reynt hefði á gildi atkvæðagreiðslu. Af hálfu stefnanda var jafnframt vísað til 1. málslíðar 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem miða ætti við. Hlutfall þeirra félagsmanna stefnda, sem hefði kosið gegn samþykkt kjarasamningsins, hefði því einungis verið 49,3% þegar það væri vegið á móti heildarfjölda greiddra atkvæða og því væri ekki uppfyllt krafan um að meirihluta greiddra atkvæða þyrfti til að fella kjarasamning. Þá benti stefnandi á að með vísan til dóma Félagsdóms þar sem reynt hefði á gildi atkvæðagreiðslu, sér í lagi dóms nr. 5/1988, teldi hann að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar leiddi til þess að kjarasamningur milli aðila skoðaðist sem samþykktur frá undirskriftardegi, nema stefndi sýndi fram á aðra niðurstöðu með framlögðum gögnum um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og nákvæma niðurstöðu samkvæmt henni.
- 10 Með bréfi, dagsettu 29. apríl síðastliðinn, hafnaði stefndi framangreindri túlkun stefnanda og lýsti þeirri afstöðu sinni að niðurstaða atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra félagsmanna gilti, þ.e. atkvæðavægi. Því væri niðurstaðan sú, að samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli aðila hefði verið fellt í atkvæðagreiðslunni.

- 11 Stefnandi telur málsókn þessa nauðsynlega til að leysa úr ágreiningi milli aðila sem viðsemjenda um með hvaða hætti gildur kjarasamningur geti komist á í framhaldi af kosningu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 12 Stefnandi leggur mál þetta fyrir Félagsdóm með vísan til ákvæða 3. töluliðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hann fari með gerð kjarasamninga á grundvelli þeirra laga en málsaðilar séu aðilar síðast gildandi kjarasamnings og stefndi sé stéttarfélag á grundvelli laganna.
- 13 Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að ekki hafi verið rétt staðið að talningu greiddra atkvæða við kosningu um gildi samkomulags um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli aðila 2. apríl síðastliðinn. Málsaðila greini á um gildi auðra atkvæða sem greiddra atkvæða í rafrænni atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamnings og hvað teljist vera meirihluti greiddra atkvæða í lögum nr. 94/1986 og 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 14 Stefnandi kveðst reisa málatilbúnað sinn á því að þar sem hvorki séu fyrir hendi ákvæði í lögum nr. 94/1986, lögum um Félag íslenskra náttúrufræðinga né í lögum Bandalags háskólamanna um atkvæðagreiðslu og kosningu kjarasamnings, verði við mat á gildi kosningar um slíkan samning að beita ytri samræmisskýringu og líta til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Að mati stefnanda reyni á þá túlkun hvað teljist vera meirihluti greiddra atkvæða í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 15. gr. laga nr. 94/1986.
- 15 Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 segi um gildi kjarasamninga: „Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða og minnst fimmungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku.“
- 16 Ekki sé í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að finna sambærilegt ákvæði um kosningu um gildi kjarasamnings, heldur séu þar einungis fyrirmæli í 15. gr. um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo löglega boðað verkfall teljist vera samþykkt í leynilegri atkvæðagreiðslu. Ákvæðið sé svohljóðandi: „Boðun verkfalls er því aðeins lögmæt að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Til að samþykka verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra samþykkt hana.“
- 17 Bæði þessi ákvæði feli í sér sömu efnisregluna um talningu atkvæða og kröfuna um að það þurfi meirihluta þeirra, sem taki þátt í atkvæðagreiðslu, til að fella eða

samþykkja þá tillögu sem tekin er afstaða til í viðkomandi atkvæðagreiðslu. Stefnandi kveður þessa túlkun vera í samræmi við fyrri dómaframkvæmd Félagsdóms þar sem reynt hafi á framangreinda efnisreglu, afstöðu Alþýðusambands Íslands og BSRB.

- 18 Stefnandi bendir á að í dómi Félagsdóms í máli nr. 5/1988 segi um efnisregluna eins og hún birtist í 15. gr. laga nr. 94/1986: „... er óhjákvæmilegt að skýra greinina á þá leið, að til boðunar verkfalls verði meirihluti þeirra, sem greitt hafa atkvæði í slíkri atkvæðagreiðslu, að hafa á ótvíræðan hátt lýst vilja sínum til að fara í verfall. Hefði ætlun löggjafans verið sú, að afl atkvæða réði úrslitum í slíkri atkvæðagreiðslu, að skilyrði um kosningaþáttöku uppfylltu, hefði legið beint við að orða lagatextann með þeim hætti. Ákvæði greinarinnar um samþykki meirihluta þátttakenda til verkfallsboðunar áskilur í því samþykki hreins meirihluta allra, sem skila atkvæðaseðli í slíkri atkvæðagreiðslu.“
- 19 Stefnandi hafnar þeim rökum stefnda að þar sem ekki séu til staðar ákvæði í lögum nr. 94/1986 sem tilgreini með hvaða hætti atkvæðagreiðsla um kjarasamning eigi að fara fram og hvernig meta skuli niðurstöðu hennar, verði að gagnálykta frá niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 5/1988 og líta svo á að afl atkvæða ráði hér, enda komi þar fram skýr vilji þeirra sem hafi tekið þátt í kosningu. Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi sjálfur lýst skoðun sinni þannig fyrir Félagsdómi við rekstur máls nr. 11/2015: „Pá væri slík túlkun heldur ekki í samræmi við viðurkennda skýringu á ákvæðum almennu vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 en það séu hin almennu lög sem stefndi telji að sérlogin um kjarasamning opinberra starfsmanna eigi að túlka til samræmis við.“
- 20 Stefnandi telur að við mat á því hvort gildur kjarasamningur hafi komist á milli aðila verði að styðjast við þá meginreglu sem fram komi í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, enda sé það í samræmi við áratugalanga framkvæmd hjá ríkinu. Reynt hafi á þetta sama álitaefni þegar lagt hafi verið mat á gildi niðurstöðu rafrænnar allsherjaratkvæðagreiðslu um gildi kjarasamnings milli Landssambands löggreglumanna og stefnanda 28. október 2015. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hafi verið á þá leið að af þeim 672 félagsmönnum sem hafi verið á kjörskrá, hafi 634 greitt atkvæði. Þar af hafi 48,58% sagt já, 49,68% sagt nei en 1,74% skilað auðu. Landssamband löggreglumanna hefði óskaði álíts lögmannsstofu, sem hafi verið staðfest af þáverandi lögfræðingi BSRB, þar sem komið hafi fram að með hliðsjón af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 væri það niðurstaða atkvæðagreiðslunnar að kjarasamningurinn hafi í reynd verið samþykktur þar sem þau atkvæði, sem báru með sér nei hafi ekki uppfyllt skilyrðið um meirihluta greiddra atkvæða.
- 21 Þá hafi komið upp sambærileg staða þegar kosið hafi verið um gildi kjarasamnings milli Tollvarðafélags Íslands og stefnanda 21. apríl síðastliðinn. Atkvæði hafi fallið með þeim hætti að jafnmargir félagsmenn hefðu sagt já og nei og hafi samningurinn því skoðast samþykktur. Í tölvupósti frá Tollvarðaféluginu 6. maí 2020 komi fram afstaða lögfræðings BSRB og félagsins en þar segi: „Lög um kjarasamninga opinberra

starfsmanna hafa ekki að geyma reglu um atkvæðagreiðslu kosningar um kjarasamning. Ef málið færir fyrir dóm yrði eflaust litið til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hafa að geyma slíkt ákvæði, enda ekki nein sérstök rök fyrir því að talning atkvæða í atkvæðagreiðslu um kjarasamning á opinberum vinnumarkaði ætti að vera frábrugðin talningu atkvæða í atkvæðagreiðslu á hinum almenna vinnumarkaði. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir í 3. mgr. 5. gr.: „Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða...“ Með vísan til framangreinds þarf meirihluti greiddra atkvæða að fella samning í atkvæðagreiðslu, því annars telst hann samþykktur. Í ykkar atkvæðagreiðslu voru JÁ og NEI atkvæði jafn mörg (43) og af þeim sökum telst samningurinn samþykktur. Í talningu eru öll atkvæði talin, þ.e. einnig þau sem voru auð.”

- 22 Þessu er stefnandi sammála og telur að nauðsynlegt sé að líta til og beita ákvæðum laga nr. 80/1938 þegar ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sleppi sem og til fyllingar þeim. Eigi það sjónarmið ytri samræmisskýringar sérstaklega við þegar um sé að ræða ágreiningsefni sem varði almenna framkvæmd á kosningu og gildi kjarasamninga. Það sé eðlileg krafa að skýrar reglur gildi um samningsumboð stéttarfélaga og tekin séu af tvímæli um að sömu reglur gildi um kosningu kjarasamnings, hvort sem viðsemjandi sé á almennum eða opinberum markaði, þar sem löggjafinn hafi ekki mælt sérstaklega fyrir um annað fyrirkomulag í lögum nr. 94/1986. Telji stefnandi því að nefnt ákvæði laganna frá 1938 eigi beint við eða með lögjöfnun, enda væri skilyrðum lögjöfnunar fullnægt í því tilviki.
- 23 Þá vísar stefnandi til þess, að í fréttatilkynningu á heimasíðu Bandalags háskólamanna segi að 564 félagsmenn stefnda á kjörskrá hafi greitt atkvæði um samninginn í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu. 265 félagsmenn hafi sagt já, 278 hafi sagt nei en 21 félagsmaður á kjörskrá hafi skilað inn auðu atkvæði. Með vísan til ofangreindra sjónarmiða kveður stefnandi það vera sitt mat að við talningu atkvæða í kosningu um gildi kjarasamnings beri að telja auð atkvæði þegar heildarfjöldi greiddra atkvæða er tilgreindur. Þegar hlutfall þeirra er kusu gegn samþykkt kjarasamnings sé vegið á móti heildarfjölda greiddra atkvæða, nemi það einungis 49,3% og nái því ekki tilskildu hlutfalli, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Í erindi stefnda hafi sjónarmiðum stefnanda verið hafnað með þeim rökum að afl atkvæða ætti að ráða niðurstöðu. Þar sem fleiri hafi kosið nei hafi samningurinn verið felldur. Svo virðist sem stefndi hafi við mat á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar einungis litið til þeirra sem hafi greitt atkvæði með já eða nei. Stefndi hafi litið framhjá þeim félagsmönnum sem hafi greitt atkvæði með því að merkja við valmöguleikann skila auðu. Stefndi hafi því hundsað vilja 21 félagsmanns, sem hafi kosið að nýta atkvæðarétt sinn með því að skila inn auðu atkvæði.

- 24 Stefndi hafi sjálfur kosið að hafa þá valmöguleika við atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamningsins að hægt væri að kjósa já, nei eða skila auðu. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum kveður stefnandi ljóst að við talningu atkvæða verði að líta til allra greiddra atkvæða og meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum. Þá beri gögn málsins ekki með sér að neinn fyrirvari hafi verið við kosninguna né að félagsmönnum hafi verið gert ljóst að auð atkvæði myndu ekki teljast með. Því beri að telja þau atkvæði með, líkt og önnur gild atkvæði. Að mati stefnanda verði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sem gildi um kosningu um kjarasamning milli aðila, vart túlkuð með öðrum hætti en svo að löggjafinn hafi áskilið að yfir 50% allra greiddra atkvæða þyrfti til að fella kjarasamning. Með greiddum atkvæðum sé átt við atkvæði sem skilað hefur verið inn og eru ekki ógild, hvort sem atkvæðagreiðslan sé rafræn, fari fram á félagsfundi eða með pósti. Í erindi sínu frá 29. apríl vísi stefndi til þess að leggja megi að jöfnu þær kröfur, sem gerðar séu til póstatkvæðagreiðslu í 2. málslið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, við kröfur til rafrænnar atkvæðagreiðslu líkt og þeirri er stefndi hafi viðhaft. Krafa um 20% lágmarksþáttöku eigi að mati stefnda ekki við um rafræna atkvæðagreiðslu heldur gildi niðurstaðan óháð þáttöku félagsmanna og óháð hlutfalli mótagkvæða. Það væri því afstaða stefnda að kjarasamningurinn hefði verið felldur með meirihluta greiddra atkvæða. Stefnandi geti með engu móti fallist á þau sjónarmið sem reifuð séu í bréfi stefnda frá 29. apríl síðastliðnum.
- 25 Stefnandi kveður ekki vera ágreining á milli aðila hvort 20% lágmarksþáttöku hafi verið náð þar sem það sé ljóst. Með vísan til framangreinds sé það eftir sem áður mat stefnanda að svo hægt sé að fella kjarasamning þurfi til meirihluta þeirra félagsmanna sem sannanlega hafi greitt atkvæði í kosningunni.
- 26 Fyrir liggi að fjármála- og efnahagsráðherra hafi fyrir hönd ríkissjóðs samþykkt samninginn fyrir sitt leyti, enda hafi stefnda, viðsemjanda hans, ekki borist tilkynning um annað. Í samræmi við forsenduákvæði skoðist samkomulagið um framlengingu og breytingu á gildandi kjarasamningi frá 2. apríl 2020 því samþykkt.
- 27 Til stuðnings kröfu um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 28 Stefndi hafnar öllum dómkröfum og málsástæðum stefnanda sem lýst er í stefnu. Reisir stefndi sýknukröfu sína á því að kjarasamningur aðila, sem undirritaður var 2. apríl 2020, hafi verið felldur í allsherjaratkvæðagreiðslu af félagsmönnum stefnda og að sú niðurstaða samræmist að fullu ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem nái til kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði. Kjarasamningnum hafi verið hafnað með meirihluta gildra atkvæða.
- 29 Stefndi vísar til þess að kjarasamningurinn hafi verið borinn undir atkvæði allra þeirra félagsmanna, sem undir hann falli, sbr. 12. gr. kjarasamningsins og 14. gr. laga stefnda. Á kjörskrá hafi verið 824 og hafi fjöldi atkvæða í kosningunni verið 564 eða

68,4%. 265 félagsmenn hafi samþykkt samninginn eða 48,8% greiddra atkvæða og 278 hafnað honum eða 51,2% atkvæða. Auðir seðlar hafi verið 21.

- 30 Stefndi bendir á að lög nr. 94/1986 hafi ekki að geyma ákvæði um atkvæðagreiðslu kjarasamnings. Samkvæmt framangreindri 12. gr. kjarasamningsins og 14. gr. laga stefnda hafi stefnda borið að bera samninginn undir atkvæði félagsmannna sinna í allsherjarkvæðagreiðslu. Hins vegar sé ekki heldur í þeim samningi eða lögum stefnda reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Allt að einu gildi því sú meginregla, sem almennt gildi í kosningum og atkvæðagreiðslum, þar með talið lögum samkvæmt, að þegar metin sé niðurstaða kosningar skuli eingöngu telja svonefnd gild eða virk atkvæði, það er atkvæði sem feli í sér afstöðu til þess sem að er spurt. Samkvæmt þeim almennu reglum um atkvæðagreiðslur teljist auð atkvæði til ógildra atkvæða og hafi því ekkert vægi. Með því að skila auðu sé ekki tekin afstaða en öðrum látið eftir að taka hana.
- 31 Stefndi byggir á því að talning auðra atkvæðaseðla með atkvæðum þar sem afstaða hefur verið tekin, svo sem stefnandi byggir á í stefnu, sé ótæk því þá sé því um leið haldið fram að atkvæðaseðill, sem skilað sé, án þess að afstaða hafi verið tekin til þess sem að er spurt, feli samt í sér afstöðu. Þeir sem skili auðu taki hins vegar ekki afstöðu. Eðli máls samkvæmt hafi stefnda því ekki borið að telja auðu atkvæðin með í heildarfjölda gildra atkvæða. Með hliðsjón af þessu vísar stefndi því á bug sem haldið er fram í stefnu að hann hafi „hundsað vilja 21 félagsmanns, sem kaus að nýta atkvæðarétt sinn með því að skila inn auðu atkvæði“.
- 32 Stefndi hafnar því að með því að setja þann valmöguleika á kjörseðilinn að skila auðu við atkvæðagreiðsluna hafi hann með einhverjum hætti viðurkennt að það bæri að telja slík auð atkvæði með við talningu á heildarfjölda virkra atkvæði. Valkostirnir á kjörseðlinum séu skýrlega uppbyggðir og valdi engum misskilningi hjá félagsmönnum um að sá sem merki við að skila auðu taki ekki afstöðu til valkostanna um að samþykkja eða hafna kjarasamningnum. Félagsmaður sem skili auðu hafi því ekki greitt atkvæði um þá kosti sem í boði séu samkvæmt kjörseðli, ólíkt því sem stefnandi telji. Vegna eðlis rafrænnar kosningar að þessu leyti sé kjósandinn ekki í aðstöðu til að skila atkvæðaseðli ómerktum á pappír í kjörkassa og með þeim hætti skila auðu og því telji stefndi sig knúinn til að bjóða upp á þann valmöguleika í rafrænni kosningu að merkt sé við að „skila auðu“ í sérstökum reit. Í þeim möguleika felist engin yfirlýsing eða viðurkenning um að telja beri merkingar við að skila auðu með öðrum hætti en að þá sé atkvæðið ógilt. Með vísan til meginreglunnar við atkvæðagreiðslu og kosningar sé það fráleitt svo að stefnda hafi borið að upplýsa félagsmenn sérstaklega um að autt atkvæði teldist ekki með, svo sem byggt sé á í stefnu. Slíkar tilkynningar tíðkist ekki við atkvæðagreiðslu af þessum toga og séu óþarfari í ljósi meginreglunnar.
- 33 Stefndi kveður framangreinda meginreglu sem dómkröfur hans byggist á, um að afl atkvæða ráði niðurstöðu í atkvæðagreiðslu og að auð atkvæði séu ógild, megi til

dæmis finna í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Þar segi í a-lið 1. mgr. 100. gr. að atkvæði skuli metið ógilt sé kjörseðill auður. Mælt sé fyrir um hið sama í 78. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Í 11. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, sbr. 4. gr. breytingarlaga nr. 23/2011, sé mælt fyrir um að til þess að spurning eða tillaga, sem borin er upp í þjóðaratkvæðagreiðslu, teljist samþykkt þurfi hún að hafa hlotið meirihluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni. Í athugasendum með frumvarpi til breytingarlaga nr. 23/2011 komi fram að nauðsynlegt sé að taka þetta fram í lagaákvæði þar sem annars sé unnt að líta svo á að auðir seðlar og ógildir geti verið túlkaðir sem andvígir tillögunni að þessu leyti.

- 34 Stefndi vísar til stuðnings framangreindu til forsendna í dómi Félagsdóms í máli nr. 5/1988. Í niðurstöðunni sé rakið að löggjafinn hafi sett ströng skilyrði fyrir verfallsboðun þeirra stéttarfélaga sem lögin taki til og ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 orðað með þeim hætti að áskilið sé samþykki hreins meirihluta allra þeirra sem taki þátt í atkvæðagreiðslu. Með gagnályktun frá þessum forsendum, byggir stefndi á því að þegar ekki séu til staðar slík ströng skilyrði, svo sem háttar um atkvæðagreiðslu kjarasamnings á opinberum markaði sem skorti lagareglu um, skuli afl atkvæða ráða úrslitum.
- 35 Stefndi kveður laga- og dómatilvísanir stefnanda ekki eiga við um atkvæðagreiðslu stefnda. Í lögum nr. 94/1986 sé ekki að finna ákvæði um atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Ákvæði laganna um efni kjarasamninga, gildistíma og ábyrgð séu í II. kafla þeirra. Ákvæði 15. gr. laganna eigi við um atkvæðagreiðslu um verfallsboðun og tilheyri III. kafla laganna, en sá kafli fjalli um verkföll. Af þessu leiði að sérákvæði laganna um atkvæðagreiðslu við verfallsboðun eigi ljóslega ekki við um atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Lagaákvæðið tilheyri ekki þeim kafla laganna sem fjalli um kjarasamninga og fjalli þar að auki um allt annað efni, það er verfallsboðun. Með vísan til þessa séu tilvísanir stefnanda í stefnu til 15. gr. laganna haldausar. Þar fyrir utan feli regla 15. gr. laganna í sér frávik frá almennum reglum og lagaákvæðum um atkvæðatalningu, sbr. framangreint. Löggjafinn hafi kosið að festa í lög frávik frá þessum almennu reglum í tilviki verfallsboðunar á opinberum vinnumarkaði. Með gagnályktun verði að líta svo á að hin almenna regla um atkvæðagreiðslu gildi í tilviki atkvæðagreiðslu um kjarasamning á opinberum vinnumarkaði, það er að auð atkvæði hafi ekkert vægi og séu ógild. Að öðrum kosti hefði fráviksregla sama efnis verið fest í lög nr. 94/1986 vegna atkvæðagreiðslu um kjarasamning.
- 36 Stefndi byggir á því að dómur Félagsdóms í máli nr. 5/1988, sem snerist um lögmæti atkvæðagreiðslu Hins íslenska kennarafélags um verfallsboðun, hafi ekki það fordæmisgildi í þessu máli sem stefnandi telji, enda hafi í því dómsmáli verið deilt um allt annað ákvæði laganna og annað ágreiningsefni, það er um verfallsboðun samkvæmt 15. gr. laganna en ekki um atkvæðagreiðslu um kjarasamning.

- 37 Stefndi hafnar þeim málatilbúnaði stefnanda að í málinu reyni á „þá túlkun hvað telst vera meirihluti greiddra atkvæða í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 15. gr. laga nr. 94/1986“, svo sem greinir í mólsástæðukafla stefnu. Lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eigi eingöngu við um sama efni og þar með talið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, það er í einkageiranum. Um sama efni á opinberum vinnumarkaði gildi hins vegar lög nr. 94/1986. Þegar af þeirri ástæðu eigi sá málatilbúnaður stefnanda, að telja að lög nr. 80/1938 eigi við um kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði, sér enga stoð í lögum og gangi í berhögg við þá staðreynd að sérstök lög nr. 94/1986 gildi um það efni.
- 38 Gildissvið síðastgreindra laga sé skýrt og vel afmarkað og hafi stefnandi því ekki sjálfdæmi um að kjósa að beita ákvæðum laga nr. 80/1938 þegar þau lög eigi augljóslega ekki við um atkvæðagreiðslu kjarasamnings samningsaðila á opinberum vinnumarkaði. Löggjafinn hafi ekki haft vilja til þess að láta reglu 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 gilda um kosningu um kjarasamning opinberra starfsmanna. Hefði svo verið, hefði lögum nr. 94/1986 vafalaust verið breytt til samræmis við regluna í því ákvæði laga nr. 80/1938. Þetta hafi hins vegar ekki verið gert. Framangreint ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 hafi komið inn í þau lög með breytingarlögum nr. 75/1996. Samkvæmt 9. gr. þeirra skuli ákvæði III. kafla laganna, sem varði sáttastörf í vinnudeilum, gilda eftir því sem við eigi um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nái til.
- 39 Með hliðsjón af þessu telji stefndi engum vafa undirorpíð að löggjafinn hefði við lagasetningu þessa mælt sérstaklega fyrir um það í lögum nr. 75/1996, að ákvæði 3. mgr. 5. gr. laganna ætti að gilda um atkvæðagreiðslu um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hefði sú verið ætlun hans. Það hafi ekki verið gert og verði því að gagnálykta á þann veg að 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996, taki ekki til kjarasamninga opinberra starfsmanna eða atkvæðagreiðslna um þá samninga. Vísar stefndi þessu til stuðnings einnig til hliðsjónar til dóms Félagsdóms í máli nr. 7/1999. Þegar af þeirri ástæðu sé við mat á niðurstöðu atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn ekki hægt að lögjafna frá reglu 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, svo sem stefnandi telji unnt.
- 40 Með vísan til framangreinds mótmælir stefndi þýðingu þeirra tilvísana sem stefnandi ber fram í stefnu um atkvæðagreiðslu kjarasamnings hjá Tollvarðafélagi Íslands og Landsambandi löggreglumanna og álitum lögmanns þess síðarnefnda og lögfræðings BSRB. Álit þessi séu í andstöðu við mat stefnda á niðurstöðu atkvæðagreiðslu stefnda og túlkun hans á lögum nr. 94/1986. Allt að einu hafi álit lögfræðings allt annars viðsemjanda ríkisins á annarri atkvæðagreiðslu hvorki skuldbindingargildi né fordæmispildi við úrlausn ágreinings aðila í þessu máli.
- 41 Stefndi kveður dómskjöl stefnanda með ljósritum af vefsíðum Alþýðusambands Íslands enga þýðingu hafa í þessu máli, enda eigi þau eingöngu við um

atkvæðagreiðslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938 og þá sé ekki á þeim vefsíðum fjallað um atkvæðagreiðslur á opinberum vinnumarkaði.

- 42 Stefndi kveðst með vísan til framanritaðs hafna þeim málatilbúnaði stefnanda, að tilteknar lögskýringaraðferðir leiði til þess að unnt sé að beita reglum 15. gr. laga nr. 94/1986 og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um álitaefni málsins sem varðar atkvæðagreiðslu kjarasamnings á opinberum vinnumarkaði. Stefndi byggir á því að svonefnd ytri samræmisskýring geti með engu móti átt hér við, enda felist sú lögskýringaraðferð í því að túnka lagareglu til samræmis við reglu í öðrum lagabálki. Af þessu leiði að til þess að unnt sé að beita slíkri samræmisskýringu þyrfti að vera til staðar regla í lögum nr. 94/1986 um atkvæðagreiðslu kjarasamnings. Slíka reglu sé hins vegar ekki að finna í síðarnefndum lögum. Þá verði hér ekki beitt lögjöfnun, enda hafi dómstólar eingöngu fallist á beitingu hennar í algjörum undantekningartilvikum sem ekki eigi við í þessu máli.
- 43 Stefndi kveður reglur 15. gr. laga nr. 94/1986 og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 fela í sér frávik frá almennu reglunni um framkvæmd atkvæðagreiðslu. Þær séu undantekningarreglur í lögum þar sem vikið sé frá þeirri meginreglu laga að auð atkvæði hafi hvorki gildi né vægi. Samkvæmt viðurkenndum lögskýringaraðferðum beri að túnka undantekningarreglur þróngri lögskýringu. Því sé engan veginn unnt að beita þeim um tilhögun atkvæðagreiðslu sem ekki sé mælt fyrir um í lögum, heldur beri að beita almennum meginreglum við framkvæmd slíkrar ólögmæltrar atkvæðagreiðslu.
- 44 Stefndi byggir á því að stefnandi hafi vegna fyrri atkvæðagreiðslna aðildarfélaga BHM um kjarasamning viðurkennt í verki það mat sem stefndi hafi beitt við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Þann 28. júní 2008 hafi 17 aðildarfélög BHM undirritað kjarasamning við stefnanda og hafi hann verið borinn undir atkvæði félagsmanna. Félagsmenn Stéttarfélags lögfræðinga hafi fellt samninginn í atkvæðagreiðslu og 28 þeirra hefðu samþykkt hann en 30 hafnað honum og auðir seðlar hefðu verið tveir. Af þessum tölum megi glöggt ráða að samningurinn hafi ekki verið felldur með meirihluta allra atkvæða samkvæmt þeirri aðferðarfræði sem stefnandi byggi á í stefnu. Allt að einu hafi stefnandi engar athugasemdir gert gagnvart viðkomandi stéttarfélagi heldur unað niðurstöðunni. Að mati stefnda beri stefnandi hallann af þessari viðurkenningu sinni á árinu 2008 en hún gangi þvert á málatilbúnað hans í þessu máli.
- 45 Telji Félagsdómur að ákvæði laga nr. 80/1938 geti gilt um framkvæmd umræddrar atkvæðagreiðslu stefnda um kjarasamning og mat á niðurstöðu hennar, byggir stefndi á því til vara að túlkun á ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 leiði í ljós að félagsmenn stefnda hafi fellt kjarasamning aðila frá 2. apríl 2020. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 hafi verið breytt með 1. gr. laga nr. 75/1996. Í ákvæðinu sé gerður skilsmunur á tveimur aðferðum við atkvæðagreiðslu, annars vegar almennri leynilegri atkvæðagreiðslu og hins vegar almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu. Hin

fyrrnefnda gangi út á að félagsmenn mæti á kjörstað og greiði þar atkvæði en hin síðarnefnda að atkvæðaseðlar séu fylltir út og sendir í pósti. Atkvæðagreiðsla sú, sem stefndi hafi viðhaft, hafi verið rafræn og farið fram gegnum netið. Þegar breytingarlög nr. 75/1996 hafi verið sett, hefðu rafrænar atkvæðagreiðslur enn ekki rutt sér til rúms. Ef beita eigi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um mat á niðurstöðu atkvæðagreiðslu stefnda, beri að líta á þá atkvæðagreiðslu sem fram fór sem póstatkvæðagreiðslu samkvæmt lagaákvæðinu, enda sé ekki um að ræða atkvæðagreiðslu sem fari fram með því að félagsmenn mæti á staðinn og kjósi. Af því leiði að póstatkvæðagreiðsla komist næst rafrænni atkvæðagreiðslu. Samkvæmt 2. málslið 3. mgr. 5. gr. gildi niðurstaða póstatkvæðagreiðslu óháð þáttöku. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til breytingarlaga nr. 75/1996 komi fram að niðurstaða póstatkvæðagreiðslu gildi að jafnaði óháð hlutfalli mótagkvæða. Stefndi byggir á því að lagatextinn og skýringar frumvarpsins feli í sér að ef dómurinn telji að framangreind ákvæði 3. mgr. 5. gr. laganna hafi náð til atkvæðagreiðslu stefnda, beri að líta svo á að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar feli í sér að kjarasamningnum hafi verið hafnað þar sem meirihluti þeirra, sem hafi tekið afstöðu í atkvæðagreiðslunni, hafi hafnað samningum.

- 46 Auk framangreindra lagaraka vísar stefndi til almennra reglna samningaráttar og vinnuréttar og jafnframt til almennra reglna við atkvæðagreiðslur og kosningar. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, og laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.
- 47 Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 65. og 69. gr. laga nr. 80/1938 og 130., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði er reist á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Niðurstaða

- 48 Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 49 Helstu málavextir eru óumdeildir. Fyrir liggur að fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og samninganefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar undirrituðu þann 2. apríl síðastliðinn samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila. Samkomulagið var borið upp til samþykktar félagsmanna stefnda með rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu sem stóð yfir dagana 8. til 17. apríl síðastliðinn.
- 50 Af gögnum málsins verður ráðið að 824 félagsmenn í stefnda voru á kjörskrá við framangreinda atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamningsins og fram er komið að 564 greiddu atkvæði um samninginn. Jafnframt liggur fyrir að 265 félagsmenn sögðu já, 278 sögðu nei og 21 félagsmaður á kjörskrá skilaði inn auðu atkvæði. Ágreiningur

aðila máls þessa lýtur að því hvort við talningu atkvæða um gildi kjarasamningsins beri að telja með auð atkvæði þegar heildarfjöldi greiddra atkvæða er tilgreindur og hvort líta beri svo á að samningurinn hafi verið samþykktur eða felldur við atkvæðagreiðsluna.

- 51 Um félagsmenn stefnda, sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu, gilda lög nr. 94/1986. Samkvæmt 4. gr. laganna fara stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, eða samtök slíkra félaga, með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt lögunum. Á starfsmaður, sem löginn taka til, rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt sömu lögum. Ágreiningslaust er að samninganefnd stefnda fór með þetta lögákveðna samningsumboð þegar hún undirritaði kjarasamning stefnda og stefnanda 2. apríl síðastliðinn og að samningurinn var borinn upp til samþykktar, svo sem bar að gera samkvæmt 12. gr. hans. Í kjarasamningnum voru engin fyrið um hvernig staðið skyldi að talningu atkvæða um gildi hans.
- 52 Einu fyrið laga nr. 94/1986 um framkvæmd atkvæðagreiðslu er að finna í 15. gr. í III. kafla laganna sem fjallar um verkföll en þau fjalla samkvæmt efni sínu um atkvæðagreiðslu við ákvarðanatöku um boðun ver�falls. Þar segir að ákvörðun um tilhögun ver�falls verði að taka í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Þá er þar mælt fyrir um að til að samþykkja ver�fallsboðun þurfi að minnsta kosti helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem ver�fallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra samþykkt hana. Hins vegar er hvorki í lögum nr. 94/1986, félagslögum stefnda né lögum Bandalags háskólamanna að finna sérstök ákvæði um framkvæmd atkvæðagreiðslu við kosningu um gildi kjarasamninga sem hafa verið undirritaðir af samninganefndum fyrir hönd samningsaðilanna. Því er ljóst að aðstaðan er að nokkru leyti önnur en þegar félagsmenn í stéttarfélagi greiða atkvæði um ver�fallsboðun samkvæmt 15. gr. laganna.
- 53 Svo sem fram er komið er mælt fyrir um það, hvernig fara skuli að við framkvæmd atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamnings á almennum vinnumarkaði, í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar segir að þegar kjarasamningur hafi verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildi hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Jafnframt er þar tekið fram að fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildi niðurstaða hennar óháð þátttöku.
- 54 Framangreint ákvæði kom inn í lög nr. 80/1938 við setningu breytingarlaga nr. 75/1996. Í almennum athugasemdum með því frumvarpi segir að þegar kjarasamningur hafi verið undirritaður af samninganefnd stéttarfélags, sem fer með lögákveðið samningsumboð frá stéttarféluginu og þar með félagsmönnum sjálfum,

eigi félagsmenn að geta treyst að kjarasamningurinn endurspegli mat samninganefndarinnar á því hvað sé besta möguleg niðurstaða undanfarandi samningaviðræðna.

- 55 Þótt sams konar fyrirmæli og eru í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um að undirritaður kjarasamningur verði einungis felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða sé ekki að finna í lögum nr. 94/1986 verður ekki fram hjá því litioð að engin önnur sjónarmið eiga við um slíkar atkvæðagreiðslur um gildi kjarasamninga opinberra starfsmanna en þegar greidd eru atkvæði um kjarasamninga sem gerðir eru á almennum vinnumarkaði. Það er mat Félagsdóms að aðstöðu opinberra starfsmanna verði hvað þetta varðar öldungis jafnað til þess tilviks sem fjallað er um í nefndu ákvæði laga nr. 80/1938.
- 56 Að framangreindu virtu er það mat Félagsdóms að þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, eigi jafnt við um atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamnings opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Verður þeim ákvæðum því beitt með lögjöfnun um atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þykir tilvísun stefnda til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 7/1999 engu breyta um þá niðurstöðu, enda laut ágreiningsefni þess máls að mati á því hvort uppsögn 12 leikskólakennara vegna óánægju með laun sín teldist vera vinnustöðvun í skilningi laga nr. 80/1938, verkföll eru skilgreind í 14. gr. laga nr. 94/1986 og því alls ólíkt því ágreiningsefni sem er til úrlausnar í þessu máli. Þá verður hvorki fallist á það með stefnda að unnt sé að taka í þessu máli mið af reglum laga um annars konar atkvæðagreiðslur á sviði allsherjarréttar, það er við kosningar til Alþingis, sveitarstjórna eða um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Afdrif kjarasamnings milli 17 aðildarfélaga BHM og stefnanda þessa máls frá 28. júní 2008 þykja hér heldur engu breyta.
- 57 Svo sem rakið er hér að framan tóku 564 félagsmenn í stefnda þátt í atkvæðagreiðslu um gildi kjarasamnings aðila sem undirritaður var 2. apríl síðastliðinn. Óumdeilt er að 265 þeirra sögðu já, 278 sögðu nei og 21 félagsmaður skilaði auðu. Í ljósi alls framangreinds verður því að líta svo á að kjarasamningurinn hafi ekki verið felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða, svo sem áskilið er, að fenginni niðurstöðu Félagsdóms sem rakin er hér að framan.
- 58 Í samræmi við framangreint er ekki unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda að þar sem líta beri á hina rafrænu allsherjaratkvæðagreiðslu sem póstatkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málslið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 hafi niðurstaða hennar falið í sér að kjarasamningnum hafi verið hafnað þar sem meirihluti þeirra, sem tóku afstöðu í atkvæðagreiðslunni, hafi hafnað honum. Það breytir ekki niðurstöðunni að í ákvæði 2. málsliðar 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 segi að niðurstaða almennrar leynilegrar póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildi óháð þátttöku né heldur þau ummæli löggjafans í skýringum með ákvæðinu að gert sé ráð fyrir að

niðurstaða atkvæðagreiðslu gildi að jafnaði óháð hlutfalli móttakvæða ef viðhöfð sé póstatkvæðagreiðsla.

- 59 Að öllu framangreindu virtu verður að hafna öllum málsástæðum stefnda. Af þeim sökum verður fallist á dómkröfu stefnanda eins og hún er sett fram í stefnu og nánar greinir í dómsorði.
- 60 Í ljósi þeirra vafaatriða sem þykja hafa verið uppi í máli þessu þykir rétt, með vísan til heimildar í 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, að fella málskostnað milli aðila niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að samkomulag fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stefnda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, sem undirritað var 2. apríl 2020, var samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í stefnda, sem lauk þann 17. apríl sama ár, og telst því skuldbindandi frá undirritunardegi, 2. apríl 2020.

Málskostnaður fellur niður.

Arnfríður Einarsdóttir

Ásmundur Helgason

Guðni Á. Haraldsson

Inga Björg Hjaltadóttir

Kristín Benediktsdóttir

